

Erindi íbúa í hverfinu. dags. 5. september 2023, um hættuleg gatnamót Ásvegar og Langholtsvegar.

Góðan dag,

Ég er íbúa á Ásvegi 17 og vil vekja athygli á hættulegum gatnamótum Langholtsvegs og Ásvegs.

Við gatnamótin er algjört blindhorn fyrir bæði akandi og gangandi (sjá meðfylgjandi mynd). Ég horfi út á þessi gatnamót og sé vel hvernig bílar keyra þarna niður en enginn hægir almennilega á sér fyrr enn komið er fyrir hornið.

Ég fer sem betur fer alltaf varlega sem hefur borgað sig því einu sinni skaust fram hjá mér unglingur á Hopp hjóli sem hefði endað illa ef ég hefði keyrt eins og flestir bílar. Ég hef líka orðið vitni að því að vinur sonar míns er að hjóla yfir götuna og gleymir sér (Var í einhverri keppni, enda bara 7 ára) og þýtur yfir götuna og það munaði hársbreidd að bíll hafi keyrt á hann.

Yfir þessi gatnamót fara daglega mörg börn í og úr skóla og tómstundum.

Ég er með nokkrar tillögur

-Fá stop merki (sbr Hólsvegur/langholtsvegur- þetta er meira blindhorn)

-Betri hraðahindrun og færa hana ofar

-Spegil (mér skilst að hann hafi verið einu sinni)

-Hafa götuna einstefnu upp í átt að Hjallavegi, á móti getur þá Hólsvegur verið einstefna niður að Langholtsvegi.

Ég sendi inn ábendingu líka á FÍB holuskráning eftir að ég sendi inn innlegg á Facebook síðu hverfisins. Ég treysti því að þið takið þetta lengri með borginni áður en slys verður.

Miðað við facebook innlegg sem ég gerði eru margir sammála og vona að það þurfi ekki til þess að eitthvað sé gert að hver og einn sendi póst, þetta ætti að duga til að skoða málið. Ég trúi því allavega ólíklega að þessi gatnamót standist öryggiskröfur ef þær eru einhverjar með tilliti til gangandi vegfarenda.

--

Með bestu kveðju,
Rakel Gunnarsdóttir

Viðhengi:

